

Miðvikudaginn 8. apríl 1992.

Nr. 517/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Katarínusi Grími Ingvasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Fjársvik. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1991 að ósk ákærða, en meðákærða í héraði undi dómi, og jafnframt af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Hér fyrir dómi krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Þess er ekki óskað, að skaðabótakröfur, sem um var dæmt í héraði, komi til meðferðar fyrir Hæstarétti. Kemur ákvæði hins áfrýjaða dóms að því leyti ekki til endurskoðunar, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu til refsíákvæða svo og ákvæði hans um greiðslu sakarkostnaðar. Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í héraðsdómi með vísan til 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 71. gr. og 77. gr. sömu laga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, að því er ákærða, Katarínus Grím Ingvason, varðar. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. september 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 12. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 436-437/1991: Ákærvaldið gegn X og Katarínusi Grími Ingvasyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 1. júlí sl., á hendur ákærðu, X [. . . .], og Katarínusi Grími Ingvasyni, Aðalgötu 23, Suðureyri, fæddum 13. maí 1968, fæðingarnúmer 335, „fyrir eftirgreind skjalafals- og fjársvikabrot:

I.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa í mars 1991 notað í viðskiptum eftirtalda sjö tékka til handhafa á eyðublöðum úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, sem ákærða, X, stal. Ákærða, X, útfyllti tékkana og gaf þá út í eigin nafni eða falsaði nafn útgefanda.

1. Nr. 4210221, 25.3.1991, 35.000 kr., út gefinn af ákærðu, X. Notaður á símtöðinni Brú í Hrútafirði sem greiðsla á símapóstsávisun, að fjárhæð 35.240 kr., til meðákærða, Katarínusar Gríms, en ákærða, X, sótti andvirði ávisunarinnar 26. mars í pósthúsið í Pósthússtræti, Reykjavík, og framvísaði umboði, undirrituðu af Grími Ingvasyni.

2. Nr. 4210206, 14.3.1991, 5.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jónas Björnsson, framseldur af Hauki Sigurðssyni og stimpli Kaupfélags Steingrímsfjarðar, Hólmavík. Ákærða, X, skipti tékkanum fyrir vörur og peninga í Söluskálanum á Hólmavík.

3. Nr. 4210210, 17.3.1991, 5.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jónas Björnsson, framseldur af ákærðu, X, sem skipti honum fyrir vörur og peninga á bensinstöð Shell við Suðurfell.

4. Nr. 4210214, 18.3.1991, 5.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jón Björnsson, og stimpill happdrætti SÍBS, umboð, framseldur af meðákærða með nafninu Grímur Ingvason. Keyptar vörur í Kaupfélagi Borgfirðinga, Borgarnesi.

5. Nr. 4210217, 23.3.1991, 2.900 kr., út gefinn af ákærðu, X, framseldur af Þóroddi Þórðarsyni. Keyptar vörur í Blómavali, Sigtúni 40, Reykjavík.

6. Nr. 4210219, 24.3.1991, 6.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jón Bjarnason, framseldur af ákærða, X, sem skipti honum fyrir vörur og peninga í verslun Olís, Breiðholti.

7. Nr. 4210220, 22.3.1991, 7.000 kr. Falsað nafn útgefanda, Jón Bjarnason, og stimpill happdrætti SÍBS, umboð, framseldur af meðákærða með nafninu Grímur Ingvason. Skipt fyrir vörur og peninga í Shellstöðinni, Borgarnesi.

Háttsemi ákærðu samkvæmt tölulíðum 1 og 5 telst varða við 248. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en samkvæmt öðrum tölulíðum við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

— — —

III.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Ákærða, X, hefur játað að hafa í mars 1991 notað í viðskiptum í félagi við meðákærða, Katarínus Grím Ingvason, þá sjö tékka úr tékkhefti frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, sem ákærða hafði stolið. Falsaði ákærða nafn útgefanda á tékkunum í 2., 3., 4., 6. og 7. lið ákærukaflans, en gaf tékkana í 1. og 5. lið hans út í eigin nafni án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði þeirra. Er tékkunum að allri gerð og notkun, hvað ákærðu varðar, rétt lýst í ákæru. Er háttsemi ákærðu í ákærukafla þessum sönnuð með afdráttarlausri játningu hennar, sem er í samræmi við önnur málsgögn. Varðar atferli ákærðu í 1. og 5. lið við 248. gr. almennra hegningarlaga, en í öðrum liðum ákærukaflans við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Ákærði, Katarínus Grímur, hefur játað að hafa fengið vitneskju um þær gjörðir meðákærðu í símstöðinni Brú í Hrótafirði, sem lýst er í 1. lið ákærukafla þessa, er ákærðu voru komin til Reykjavíkur, en eigi fyrr. Jafnframt vissi ákærði þá, að tékki sá, sem ákærða ritaði í símstöðinni, var úr stolnu tékkhefti, og þar með, að meðákærða átti ekki innstæðu fyrir andvirði tékkans. Þrátt fyrir það gaf ákærði meðákærðu skriflegt umboð til að leysa til sín andvirði símapóstsávísunar þeirrar, er um ræðir í ákæru-lið þessum.

Þá hefur ákærði skýlaust játað að hafa framselt í eigin nafni og notað í viðskiptum með meðákærðu tékkana í 4. og 7. lið ákærukaflans þrátt fyrir þá vitneskju, að meðákærða hafði falsað þá úr sama tékkhefti og áður greinir.

Ákærði hefur þverneitað sakargiftum samkvæmt ákæru, hvað aðra tékka í ákærukafla þessum varðar.

Ósannað er gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um það atferli, sem honum er gefið að sök í 2., 3., 5. og 6. lið ákæru I. kafla ákæru þessarar.

Á hinn bóginn er sannað með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu, að hann hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 1., 4. og 7. lið ákærukafla þessa.

Varðar atferli ákærða í 1. lið við 248. gr. almennra hegningarlaga, en í 4. og 7. lið við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

— — —

Ákærði, Katarínus Grímur, hefur sætt refsingum sem hér segir: [þremur refsisdómum fyrir skjálafals o.fl., síðast 12. júní 1990 (1 mánaðar fangelsi)].

— — —

Refsing ákærða, Katarínusar Gríms, þykir með vísan til sakaferils hans og 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga sömuleiðis hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði.

— — —

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu óskipt til greiðslu 1/3 hluta sakarkostnaðar í máli þessu, en 2/3 hluta hans greiði ákærða, X, ein.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, X og Katarínus Grímur Ingvason, sæti hvort um sig fangelsi þrjá mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar ákærðu, X, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.
